

Nr. 097 / 12 Skemmtibátur

Vélarbilun og dreginn til hafnar

Skipaskr.nr. óskráður
Smíðaður: Finnland Terhi plastbátur
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 4.4 m *Skráð lengd:*
Breidd: 1,75 m *Dýpt:*
Vél: Suzuki 30ha (22 kW)
Fjöldi skipverja: 3



Terhi 440 ©framleiðandi

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. september 2012 var óskráður árabátur með utanborðsmótor á sjóstangarveiðum skammt undan Hafnarbergi. Veður: Logn og undiralda.

Þegar ákveðið var að hætta veiðunum og gangsetja mótorinn fór hann ekki í gang þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Björgunarbátur kom og dró hann til hafnar í Þorlákshöfn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.